

Skipulagsstofnun  
Sigmar Arnar Steingrímsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
30 JULI 2009	
54 52	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. júlí 2009  
Tilvísun: UST20090700067/6aj

## Endurbygging Kaldadalsvegjar, frá Hálsasveitarvegi að Lambártungum. Tilkynning um matskyldu.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 9. júlí sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt tilkynningunni er hér um að ræða endur- og nýbyggingu vegar á um 7,3 km kafla frá Hálsasveitarvegi að stöð 7260 við Lambártungur. Framkvæmdin er innan svæðis nr. 206 á náttúruminjaskrá, jörðin Húsafell.

Þau fyrirbæri sem talið er að hafi mest verndargildi á umræddu svæði eru m.a. tilkomumikið fjölbreytt landslag, víðlendur skógur, laugar og lindir. Fyrirhuguð framkvæmd mun hafa í för með sér óverulega röskun á skóglendi, en ráðgert er að flytja tré af fyrirhuguðu vegstæði og tryggja eins og kostur er þrif gróðurs að flutningi loknum. Umhverfisstofnun telur að áætlanir um flutning gróðurs ættu að tryggja að áhrif á birkiskóg verði í lágmarki. Að öðru leyti telur stofnunin að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á náttúruverndargildi svæðis nr. 206 á náttúruminjaskrá.

Samkvæmt tilkynningunni er efnisþörf talin verða um 60.000 m<sup>3</sup>. Mikill meirihluti efnis kemur úr skeringum. Gert er ráð fyrir að taka um 1.500 m<sup>3</sup> af efni úr eyrum Geitár. Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif umræddrar framkvæmdar verði að líkindum sjónræn áhrif vegna skeringa og fyllinga í brekkum í Lambártungum milli Lambár og Geitár. Fyrirhuguðu vegstæði í Lambártungum hefur víða verið raskað vegna fyrri vegagerðar. Framkvæmdaaðili ráðgerir að draga úr sjónrænum áhrifum með því að fella skeringar að halla og formum lands eins og kostur er. Umhverfisstofnun telur að með því móti megi draga úr sjónrænum áhrifum.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

Ólafur A. Jónsson

Gunnlaug H. Einarsson

Gunnlaug H. Einarsson